

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

1. gr.

Annar málsli. b-liðs 1. málsg. 49. gr. laganna orðist svo:

„Fyrir hvert viðtal á lækningastofu og hverja vitjun til sjúklings greiða samlagsmenn lækni þó gjald, er ákveðið skal með reglugerð“.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt fyrir tilmæli samninganefndar trygginganna við lækna-samtökin, en í henni eiga sæti fulltrúar tilnefndir af Tryggingastofnun ríkisins, Sjúkrasamlagi Reykjavíkur og ríkisstjórninni. Nefndin lætur frumvarpinu fylgja svo hljóðandi greinargerð:

„Með almannatryggingalögum nr. 24/1956 var horfið frá því að lækni-hjálp hjá heimilislækni skyldi vera alveg ókeypis fyrir samlagsmenn og sett ákvæði (í 52. gr.) um að samlagsmenn á 1. verðlagssvæði skyldu greiða 5 kr. fyrir hvert viðtal á lækningastofu og 10 kr. fyrir vitjun lækni í heimahús. Yrði breyting á kauplagsvísitölu um meira en 10% skyldi samræma gjaldið þeirri breytingu. Á árinu 1958 var kaupstaðasamlögum á 2. verðlagssvæði veitt heimild til að taka upp sömu reglu. Með lögum nr. 18/1962 var gjald þetta hækkað í 10 kr. og 25 kr. og ákveðið að það skyldi gilda um land allt. Kom þetta til framkvæmda jafnframt nýskipun á greiðslum fyrir störf héraðs-lækna, sem ákveðin var með lögum nr. 45., 25. apríl 1962.

Ákvæðið um aðlögun gjaldsins að breytingum á kauplagsvísitölu var felld niður 1962, þar sem verðlagsuppbætur voru þá engar greiddar, og hefur gjaldið því haldizt óbreytt síðan.

Um þær mundir, sem áður nefnd hækkun tók gildi, var fastagjald heimilis-lækni hjá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur ákveðið kr. 163.00 á ári fyrir fullorðna og kr. 30.00 fyrir börn. Í september 1966 er fastagjaldið, með verðlagsuppbót, kr. 294.70—305.60 fyrir fullorðna og 54.00—56.20 fyrir börn. Eru hærri fjárhæðirnar greiddar læknum, sem eingöngu stunda heimilislækningar en þær lægri þeim, sem jafnframt sinna öðrum störfum. Hinn 1. okt. verður nokkur grunnhækkun, samkv. samningi, til samræmis við almennar grunnkaupshækk-anir, sem orðið hafa, svo og við hækkunir rekstrarkostnaðar. Er þannig skammt í tvöföldun fastagjalds frá því sem var, vorið 1962. Sem uppbót fyrir það, að sjúklingagjald hefur ekki hækkað greiðir S. R. heimilislæknum sem svarar 36.00 kr. á númer á ári, auk frammanefnds fastagjalds. Samningar samlaga utan Reykja-víkur hafa á þessum árum í aðalatriðum tekið breytingum til samræmis við það sem orðið hefur í Reykjavík.

Sjúklingsgjaldið var á sínum tíma upp tekið að áeggjan læknasamtakanna. Til grundvallar því liggja aðallega þau rök, að það hamli móti óhóflegu álagi á heimilislækna, að þjónusta þeirra sé ekki algjörlega ókeypis fyrir samlagsmenn, auk þess sem það stuðli að auknu samræmi milli tekna lækni og þeirrar vinnu, sem í té er látin. Má ljóst vera að gjaldið, eins og það var ákveðið 1956 og eins og því var breytt 1962, mátti ekki lægra vera, til þess að hafa þýðingu að þessu leyti. Jafnljóst er það að gjaldið er nú orðið allt of lágt, enda leggja læknasamtökin mikla áherzlu á hækkun þess og telja raunar skárra að fella það niður en halda því áfram óbreyttu.

Það hefur reynt óheppilegt að hafa fjárhæð gjaldsins bundna í lögum og er því hér lagt til að það verði framvegis ákveðið með reglugerð.

Breyting þessi miðar ekki að tekjuhækkun fyrir lækna, enda mundi uppbót sú, sem samlög greiða læknum og að framan er vikið að lækka eða falla niður, til samræmis við þá breytingu, sem gerð yrði á gjaldinu.

Í viðræðum um samninga þá sem tóku gildi 1. maí s. l. vor hét samninganefndin að beita sér fyrir leiðréttingu á gjaldinu strax og tækifæri gæfist“.